

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna stöðu ökutækja í Dalseli, beggja vegna götunnar.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að afmörkuð verði tvö skammtímastæði við leikskólann Tjarnarborg við Tjarnaragötu 33. Stæðin verði merkt skólanum frá kl. 7.30 til 10.00 og frá kl. 15.30 til 17.00. Bílastæðin eru merkt með umferðarmerkinu B21.11 og undirmerkinu J06.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 4. júlí 2016.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2016